



Fundargerð – Háskólaráð

251. fundur þann 26. janúar 2007

Rektor setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra sat fund til 15:25

Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda

Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara

Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Ágúst Þór Árnason verkefnastjóri

Elín Díanna Gunnarsdóttir deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar

Guðjón Steindórsson framkvæmdastjóri Þekkingarvarða ehf.

Guðmundur Heiðar Frímansson deildarforseti kennaradeildar

Hermann Óskarsson deildarforseti heilbrigðisdeildar

Jóna Jónsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs

Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs

Þórlleifur Björnsson verkefnastjóri RES

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 250. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Vísindagarðar við Háskólann á Akureyri

Guðjón Steindórsson framkvæmdastjóri Þekkingarvarða ehf. og Þórlleifur Björnsson verkefnastjóri Orkuskóla, RES-The School for Renewable Energy Science komu inn á fund. Guðjón kynnti undirbúning að stofnun Vísindagarða við Háskólann á Akureyri og Þórlleifur kynnti undirbúningvinnu við stofnun Orkuskóla. Háskólaráð fagnaði þeim áformum sem fram komu varðandi uppbyggingu Vísindagarða og Orkuskóla.

3. 20 ára afmæli HA

Hermann Óskarsson formaður afmælisnefndar kynnti drög að dagskrá afmælisársins. Áætlað er að hún verði kynnt á Opnu húsi þann 10. febrúar nk. Háskólaráð samþykkti dagskrána.

Jóna Jónsdóttir lagði fram tillögu um að farið verði af stað með hönnun á nýju merki fyrir háskólann. Háskólaráð samþykkti að Ingi Rúnar og Hjálmar skoðuðu nánar með Jónu kosti og galla við að skipta um merki, þ.m.t. kostnað. Taka skal mið af stefnumótun háskólans og því sem háskólinn stendur fyrir. Leita skal eftir tillögum frá Guðmundi Oddi Magnússyni prófessor í grafískri hönnun hjá LHÍ um val á listamönnum til að gera tillögur að merki. Guðbrandur verður hópnum til ráðgjafar. Ný greinargerð skal lögð fram á næsta fundi háskólaráðs.

- 4. Rekstraryfirlit 2006**

Ólafur og Úlfar gerðu grein fyrir rekstraryfirliti 2006. Það er enn verið að færa á árið en reiknað er með 26–27 m.kr. rekstrarhalla.
- 5. Nám í heimskautarétti**

Elín Díanna Gunnarsdóttir og Ágúst Þór Árnason komu inn á fund og kynntu tillögur og skýrslu undirbúningsnefndar um meistaranám í heimskautarétti í félagsvísinda- og lagadeild. Lagt er til að boðið verði upp á námið frá og með haustmisseri 2007. Rektor lagði til að háskólaráð styddi þær megin hugmyndir sem fram koma í skýrslunni um inntak námsins og samþykki að stefnt verði að því að námið hefjist á haustmisseri 2008. Áhersla verði lögð á að afla frekara fjármagns til starfrækslu námsins og kynna námið fyrir væntanlegum nemendum. Tillaga rektors var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu.
- 6. Skipulag náms í kennaradeild**

Guðmundur Heiðar Frímannsson kynnti skipulag náms á grunn- og framhaldsbrautum kennaradeildar. Háskólaráð samþykkti námsskipulagið að því gefnu að þeir sem eru með bakkalárgráðu megi ekki skrá sig í SÁK1155, NÁM1155 eða KNG1155, heldur séu þau námskeið hugsuð fyrir þá sem uppfylla ekki kröfur til skráningar í nám á meistarastigi.
- 7. Inntökureglur í kennaradeild**

Guðmundur Heiðar kynnti tillögu deildarfundar kennaradeildar um breytingar á inntökureglum á leik- og grunnskólabraut. Háskólaráð hafnaði tillögunni.
- 8. Þekkingarsetur á Egilsstöðum**

Fyrir fundinum lá bréf frá undirbúningsnefnd um stofnun þekkingarseturs á Egilsstöðum og hugsanlega aðkomu Háskólans á Akureyri að því. Rektor gerði grein fyrir málinu. Hann lagði til að háskólinn gerðist stofnaðili að setrinu og Jón Ingi Benediktsson framkvæmdastjóri RHA yrði tilnefndur fulltrúi háskólans í stjórnina. Háskólaráð samþykkti tillöguna.
- 9. Almanak HA**

Laufey Petrea Magnúsdóttir kynnti drög að almanaki háskólans. Háskólaráð samþykkti almanakið með þeirri breytingu að kennsla hefjist 10. janúar 2008 en ekki þann 9. eins og lagt var til.
- 10. Álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun umsækjanda um stöðu lektors**

Rektor gerði grein fyrir álitum umboðsmanns alþingis í tilefni af kvörtun Guðbjargar Hildar Kolbeins, annars umsækjanda af tveimur um stöðu lektors á sviði fjölmiðlafræði, fjölmiðlarýni og vinnulags á fjölmiðlum við félagsvísinda- og lagadeild sem auglýst var laus til umsóknar í apríl 2004. Tilefni kvörtunarinnar voru athugasemdir umsækjanda við nokkra þætti í stjórnsýslu háskólans. Niðurstaða umboðsmanns var sú að háskólinn taki til umfjöllunar á ný beiðni umsækjanda um aðgang að umsóknargögnum hins umsækjandans. Umboðsmaður beinir jafnframt þeim tilmælum til háskólans að varðveita í framtíðinni öll gögn umsækjanda um stöður við háskólann, ekki einungis umsóknir og ferilskrár eins og hingað til hefur verið gert. Rektor lagði fram bréf sitt til Guðbjargar Hildar sem hann ritaði í kjölfar álits umboðsmanns.

11. Skipun stjórnar útgáfusjóðs HA

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að eftirtaldir verði skipaðir í stjórn útgáfusjóðs: Helgi Gestsson lektor, Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður fasteigna og rekstrar og Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri og forstöðumaður upplýsingasviðs, jafnframt formaður. Einnig var samþykkt að stjórninni verði gert að endurskoða reglur útgáfusjóðs.

12. Önnur mál

12.1 Laufey Petrea Magnúsdóttir lagði fram yfirlit og kynnti niðurstöður yfir skil kennara á einkunnum í námskeiðum á hausstmisseri en fulltrúi nemenda óskaði eftir þessum upplýsingum á fundi háskólaráðs 10. nóvember sl.

12.2 Ingi Rúnar kom með fyrirspurn um prófagjöld vegna sjúkraprófa. Laufey Petrea greindi frá því að þegar ákvörðun um að taka gjöld fyrir sjúkrapróf hefði verið tekin voru uppi hugmyndir um að sleppa prófatíðum í janúar og júní. Nemendur hefðu á þeim tíma frekar viljað halda þessum prófatíðum inni þrátt fyrir gjaldtöku. Rektor benti á að fyrir hendi væri alltaf sá möguleiki að endurtaka próf einu sinni gjaldfrítt í ágúst.

12.3 Háskólaráð staðfesti samninga við Oregon State University og Coventry University.

12.4 Ákveðið var að næsti fundur háskólaráðs verði 26. febrúar kl. 12:00 og að fundurinn í mars verði þann 30. kl. 11:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:40.